

Umhverfisstofnun  
Ingibjörg Marta Bjarnadóttir  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 24. september 2019  
2019060015/41-2  
TB  
tb

### Tillaga að friðlýsingu svæði í Þjórsárdal

Vísað er til bréf frá Umhverfisstofnun, dags. 13. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn um tillögur að friðlýsingarskilmálum fyrir landslagsverndarsvæði í Þjórsárdal ásamt tillögu að mörkum svæðisins og náttúruvættum þar innan.

Náttúrufræðistofnun tekur undir að umrætt svæði verði friðlýst og þau verndarmarkmið sem liggja að baki friðlýsingartillögunni. Eins og kemur fram í 2. gr. friðlýsingarskilmálanna þá eru markmiðin margþætt og til þess ætluð að ná fram heildstæðri vernd þar sem horft er bæði til fortíðar og framtíðar út frá bæði menningarlegum og náttúrufarslegum forsendum. Athyglisvert er að flétta sérstaklega endurheimt raskaðra vistkerfa / birkiskóga inn í markmið friðlýsingarinnar og jafnframt búsetulandslag.

Náttúrufræðistofnun telur framlagða friðlýsingarskilmála heilsteypta og koma inn á flest það sem þarf að nefna auk þess sem þar er gert ráð fyrir frekari aðkomu hagsmunaaðila við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar. Hér á eftir fylgja nokkrar minniháttar athugasemdir við skilmálana:

- 2. gr. Í greininni mætti jafnframt vísa til 50. gr. laga um náttúruvernd (auk þess að vísað er til 3. gr.) um vernd landslags.
- 3. gr. Í greininni er m.a. fjallað um eitt svæði með sérreglum. Væntanlega svæði merkt með bleikri línu á korti I í viðauka I. Síðan virðist fjalla um þetta sama svæði í 4. gr. og þá í tengslum við samning og stjórnunar- og verndaráætlun. Benda má á hvort ekki er betra að nota sömu hugtökin í bæði 3. og 4. gr. og vísa eingöngu til samnings og stjórnunar- og verndaráætlunar en nota ekki orðið sérreglum.
- 4. gr. Vel mætti skoða að Landgræðslan eigi fulltrúa í samstarfshópi um málefni verndarsvæðisins. Í 4. gr. er einnig notað hugtakið búsetulandslag og samstarfshóp um vernd þess og þá væntanlega með tilvísun til landslags sem hefur menningarlegt gildi. Hvar slíkt landslag er að finna á svæðinu kemur ekki fram og á þá væntanlega eftir að útfæra í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Ekki kemur fram hvernig samstarfshópur um



búsetulandslag er skipaður og einnig er spurning hvort ekki sé eðlilegra að hafa starfshóp almennt um landslag með menningarlegt gildi s.s. um búsetulandslag.

- 10. gr. Laga þarf síðasta mls. 2. mgr.
- 11. gr. Laga þarf aðra setningu 1. mgr.
- 16. gr. Stafsetningarvilla er í orðinu „fjarstýrðra“ í 3. síðustu mgr.

Aðrar athugasemdir:

- Við Háafoss og Granna eru leifar af jökulgarði sem er á mörkum þess að vera innan marka náttúruvættisins.
- Háspennulína sem liggur norðaustan við Háafoss er mjög áberandi í landslaginu og mætti í framtíðinni skoða hvort ekki sé hægt að fjarlægja eða setja í jörðu þessa línu til verndar landslagi við Þjórsárdal.
- Verndarsvæðið er í nálægð vatnsorkuvera og innan þess eru þrjú náttúruvætti með fossum. Hér er mikilvægt að vernda vatnasvið eða tryggja vatnsstreymi til fossanna og viðhalda virkum ferlum náttúrunnar.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

